



Ágæti nýnemi

Það gleður mig að tilkynna þér að þér hefur verið boðin skólavist í Menntaskólanum við Hamrahlíð á haustönn 2024. Applicants accepted into the Pre-IB/IB1 will receive a welcome letter in English from the IB DP Coordinator.

Allir nýir MH-ingar eru boðaðir á kynningarfund í skólanum fimmtudaginn 15. ágúst kl. 13:00 – 16:00. Á fundinum verður ávarp rektors en eftir það fara nemendur í stofur með umsjónarkennurum sínum. Þar kynna kennararnir skólann og fara yfir stundatöflur og hvernig fyrstu dagarnir ganga fyrir sig.

- Umsjónarkennarinn þinn kennir þér lífsleikni á fyrstu önninni þinni og er þér til aðstoðar næstu fjórar annir við ýmislegt sem snertir nám þitt í MH.
- Stundataflan þín gæti byrjað kl. 8:20 og staðið til 15:55 alla daga nema föstudaga en þá lýkur henni kl. 12:35 (fyrir flesta nemendur).
- Fyrsta kennsludaginn, mánudaginn 19. ágúst, verður skólasetning á sal kl. 8:20 og hefst kennsla í beinu framhaldi af henni.

Námstjórar velja áfanga fyrstu annarinnar eftir því hvaða braut þú valdir og hvernig þér gekk í grunnskóla.

- Ef þú fékkst A (í sumum tilfellum B+) í ensku, íslensku eða stærðfræði og ert með góðan námsárangur í fleiri greinum, þá getur verið að þú verðir settur í hraðferðaráfanga þar sem efni tveggja áfanga er tekið á einni önn.
- Ef þú fékkst ekki B eða hærra í stærðfræði eða dönsku getur verið að þú verðir settur í fornámsáfanga í þeim greinum.
- Ef þú hefur tekið íslensku sem annað tungumál í grunnskóla þá ættir þú að vera í ÍSAN1AA06 (íslenska sem annað tungumál) ásamt ÍSLE2AA05 (fyrsti áfangi í íslensku).

Upplýsingar um stundatöfluna þína og bókalista áfanganna sem þú ert í verða aðgengilegar í Innu um miðjan ágúst. Það er mikilvægt að skoða vel hvaða áfanga þú hefur verið settur í og ef þú hefur einhverjar athugasemdir er best að hafa samband við námstjóra.

- Til að komast inn í Innu **þarftu að eiga rafræn skilríki**. Ef þú átt þau ekki þá þarft þú að sækja um þau hjá bankanum þínum eða símafyrirtæki.
- Viðtalstímar námstjóra verða 13. og 14. ágúst milli kl. 10:00 og 14:00 og þú getur komið upp í skóla og hitt þá til að ræða málin.
 - **Ef þú hefur tekið áfanga** í íslensku, ensku eða stærðfræði á framhaldsskólastigi þarftu að skoða hvort að þeir hafi ekki örugglega verið metnir.
 - Ef þú varst settur í **hraðferðaráfanga** en vilt breyta því í venjulegan áfanga, þá er tækifæri til að gera það.
 - Ef þú ert með annað móðurmál en íslensku höfum við ýmis úrræði í boði sem hægt er að ræða við námstjórana um.
- Námstjórar verða einnig til viðtals, eftir kynningarfundinn 15. ágúst.

Í heimabanka foreldris/forsjáraðila þíns birtist greiðsluseðill fyrir greiðslu skólagjalda haustannar sem eru 12000 kr. (6000 kr. innritunargjald og 6000 kr. efnis-, pappírs- og tölvugjald). Greiðsluseðillinn birtist hjá þeim sem eldri er. Gjaldþagi er 24.06 2024 en eftir eindaga sem er 15.07 2024 leggst á álag kr. 1500 ([sjá nánari upplýsingar](#)). Þá fylgir einnig valkvæður greiðsluseðill upp á 5000 kr. frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og 500 kr. valkvæður greiðsluseðill frá foreldrafélagi MH. Engin skylda er að vera í NFMH en við hvetjum þig til þess að taka virkan þátt í starfi nemendafélagsins, samhliða því að takast af krafti á við námið. Ef þú ert að fara í myndlist koma greiðsluseðlar vegna efniskostnaðar inn síðar, eftir að önnin hefst.

- Gjaldþagi 24.06 2024
- Eindagi 15.07 2024
- Innan er opin fram í byrjun ágúst, www.inna.is og þá lokum við og opnum aftur þegar stundatöflur eru tilbúnar, hjá þeim sem greitt hafa skólagjöld haustannar.
 - Mundu að þú þarft rafræn skilríki og aðstandendur þínir hafa líka aðgang að Innu með sínum rafrænu skilríkjum.
 - Búast má við að stundatöflur verði tilbúnar í kringum 13. ágúst og þá opnar Inna hjá þér, ef þú hefur greitt skólagjöld haustannar.
 - Ef skólagjöld eru greidd eftir að stundatöflur opna þá opnast Inna fyrsta virka dag eftir greiðsluna.

Greiðsla innritunargjalds er endanleg staðfesting á að þú þiggir skólavist hjá okkur í MH.

Um miðjan ágúst koma upplýsingar á heimasíðu skólans um byrjun haustannar sem við hvetjum þig til að lesa. Fylgstu með á heimasíðu skólans www.mh.is þegar nær dregur.

Ef þú af einhverjum ástæðum þiggur ekki skólavist í MH ertu beðinn um að senda póst á mh@mh.is eða láta vita á skrifstofu skólans sem allra fyrst. Skrifstofa skólans er lokuð frá og með 24. júní og opnar aftur fimmtudaginn 8. ágúst.

Við bíðum spennt eftir að hitta þig í haust og taka þátt í nýjum kafla í lífi þínu og ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar eða vilt koma einhverju á framfæri.

Fyrir hönd MH, Helga Jóhannsdóttir, konrektor.